

Reglur Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu

I. kafli

Almennt um stuðningsþjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25.- 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Með stuðningsþjónustu er þörfum einstaklinga fyrir þjónustu eða aðstoð í daglegu lífi vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar mætt. Stuðningsþjónustur eru einstaklingsbundnar en geta einnig tekið mið af þörfum fjölskyldu einstaklingsins.

2. gr.

Markmið

Markmið stuðningsþjónustu er að leiðbeina og styðja notendur sem þurfa aðstæðna sinna vegna á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta byggir á valdeflingu með það að markmiði að efla viðkomandi til sjálfsbjargar og gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skulu sköpuð skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Félagssleg þjónusta skal í heild sinni miða að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður.

3. gr.

Stuðningur

Stuðningsþjónusta er til handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, veikinda eða fjölskylduaðstæðna. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan heimilis og utan.

Með stuðningsþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a) *Stuðningur við athafnir daglegs lífs*, svo sem við að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og veita stuðning við næringu og lyfjainntöku. Jafnframt er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki við hæfi og nýta velferðartækni. Auk þess er stuðningur veittur með skjáheimsóknum.
- b) *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima. Auk þess er veittur stuðningur og ráðgjöf við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustuna.
- c) *Félagsslegur stuðningur* sem miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félags- og

tómstundastarfi. Stuðningurinn er einnig veittur til að létta álagi af heimili vegna sérstakra aðstæðna. Leitast er við að nýta velferðartækni í formi skjáheimsóknna.

- d) *Heimsending matar í hádeginu* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir í skemmri eða lengri tíma.
- e) Ráðgjafar og stuðningsteymi veitir ráðgjöf og viðeigandi þjálfun til sjálfshjálpar þar sem það á við. Leggja skal meðal annars áherslu á hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl. Þjónustan er tímabundin og byggir á þeim markmiðum sem notandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf.
- f) *Aðstoð viðbragðsteymis* er veitt á heimilum þar sem verulegrar tiltektar er þörf.

Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum getur verið að hámarki 15 klukkustundir í viku. Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning. Opinberir aðilar, þ.m.t. stofnanir ríkisins sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa nána samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga, sbr. 62. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur. Stuðningurinn er við þau verkefni sem hann getur ekki innt af hendi sjálfur. Heimilt er í einstökum tilvikum, þegar sérstaklega stendur á, að starfsmaður velferðarsviðs fylgi notenda þjónustunnar í stutta lækniheimsókn. Ferðakostnaður við slíka heimsókn greiðist af notenda.

Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir.

Einstaklingar og barnafjölskyldur sem metnar hafa verið í þörf fyrir stuðningsþjónustu geta sótt um að gera notendasamning sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Notendasamningar geta verið í formi beingreiðslusamninga og um þá gilda reglur Akureyrarbæjar um notendasamninga.

II. kafli

Skilyrði fyrir stuðningsþjónustu

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt

Umsækjandi skal uppfylla öll eftirtalin skilyrði til að fá stuðningsþjónustu samkvæmt reglum þessum.

- a) Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef um er að ræða stuðning við barnafjölskyldur vísast til reglna Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Ef umsækjandi er fatlaður og hefur mjög sértækar stuðningsþarfir vísast til reglna Akureyrarbæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- b) Umsækjandi skal eiga lögheimili á Akureyri þegar sótt er um þjónustu.
- c) Umsækjandi skal búa á eigin heimili. Einstaklingar, sem búa á hjúkrunarheimili, þjónustukjarna eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum.
- d) Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 7. gr. reglna þessara.

III. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn

Umsóknir um ráðgjöf og stuðning eru aðgengilegar inn á þjónustugátt á heimasíðu Akureyrarbæjar og á skrifstofu velferðarsviðs. Umsókn skal undirrituð eða staðfest með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda.

Óski einstaklingur eftir ráðgjöf og stuðningi er hægt að panta viðtal við ráðgjafa á velferðarsviði Akureyrarbæjar.

Einnig geta beiðnir um stuðning borist rafrænt m.a. frá starfsfólki félags- og heilbrigðisþjónustu. Þegar beiðni berst skal starfsfólk velferðarsviðs hafa samband við viðkomandi og meta þörf á stuðningi.

Uppfylli umsókn skilyrði skv. 4. gr. reglna þessara skal lagt mat á stuðningsþörf umsækjanda. Er m.a. horft til eftirfarandi þátta sem hafa áhrif á athafnir dagslegs lífs:

- a) Færni/getu og styrkleika.
- b) Félagslegar aðstæður og tengslanet.
- c) Samfélagsþátttöku, valdeflingar og virkni umsækjanda.
- d) Þörf fyrir stuðning og hvaða afleiðingar töf hefur fyrir umsækjanda.
- e) Annars veitts stuðnings.

6. gr.

Fylgigögn með umsókn

Með undirritun á umsókn er umsækjandi upplýstur um heimild velferðarsviðs til að afla gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir. Heimilt er að óska eftir nauðsynlegum upplýsingum og/eða gögnum frá öðrum aðilum á meðan á umsóknarferlinu stendur. Ef þörf er á skal umsækjandi fá aðstoð við öflun nauðsynlegra gagna.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á, auk upplýsts sjálfsmats umsækjanda:

- a) Örorkumat
- b) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, t.d. RAI mat.
- c) Staðfesting á skertri getu, fötlun eða veikindum, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins.

7. gr.

Mat á stuðningsþörf

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar af matsteymi velferðarsviðs og haft er samband við umsækjanda að jafnaði innan tveggja vikna frá því að umsókn berst. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda á heimili hans eða á öðrum vettvangi í samráði við hann. Við matið er horft til færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs, horft til aðstæðna umsækjandans í heild og tekið tillit

til markmiða og þarfa hans, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika, félags- og fjölskylduaðstæðna. Við mat á þjónustu er stuðst við matstæki Rai HC.

Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal metið hvort þeir séu færir um að annast heimilshaldið. Ef svo er skal taka mið af því við ákvörðun.

Við mat á stuðningsþörf skal nýta velferðartækni og ráðgjöf til þess að þjálfa/breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs þannig að umsækjandi geti búið heima, bjargað sér sjálfur og verið félagslega virkur.

8. gr.

Afgreiðsla umsóknar um stuðningsþjónustu

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á matshópsfundi stuðningsþjónustu og þar er tekin ákvörðun um innihald, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur er. Slík ákvörðun skal tekin innan þriggja vikna. Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli sé ekki lokið.

Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt er gerð stuðningsáætlun og/eða getur þá stuðningur hafist.

Þegar um er að ræða alvarleg veikindi eða mikla færniskerðingu skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæfur með fagaðilum innan heilbrigðisþjónustunnar í samræmi við þarfir notanda.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi ber að synja umsókninni. Með synjun skulu fylgja leiðbeiningar til að óska eftir rökstuðningi innan 14 daga frá móttöku synjunar.

9. gr.

Forgangsröðun umsókna og þjónustu

Fullnægi umsækjandi skilyrðum 4. gr. reglna þessara um stuðningsþjónustu, raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjenda og forgangsröðun í stuðningsþjónustu, sbr. fylgiskjal 1 með reglum þessum.

Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist.

10. gr.

Stuðningsáætlun

Áður en stuðningur hefst skal liggja fyrir tímabundinn þjónustusamningur, stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun, eftir því sem við á hverju sinni og vera í eðlilegu samhengi við aðra aðstoð. Stuðningurinn skal ætíð byggja á skýrum markmiðum og koma skal fram hvernig árangur verði metinn reglulega.

Að lágmarki skal koma fram:

- Markmið og tilgangur með stuðningi og hvernig þeim skuli náð.
- Hvaða stuðning er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.

- Gildistími samþykktrar umsóknar.
- Umfang stuðnings.
- Samkomulag um notkun starfsmanna á húslyklum notanda.
- Upphæð útlagðs kostnaðar þegar stuðningur er veittur. Miðað skal við upphæð á mánaðargrunni, sbr. gjaldskrá velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Þjónustusamningur, stuðningsáætlun eða einstaklingsbundin þjónustuáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar honum.

IV. kafli

Framkvæmd

11. gr.

Gjaldskrá og gjaldtaka fyrir stuðning við heimilshald

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilshald, sbr. b liður 3. gr., akstur og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Útreikningar á gjaldtöku fyrir stuðning við heimilshald (þrif) miðast við tekjur umsækjanda og maka. Greitt er fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt gjaldskrá Akureyrarbæjar. Tekjumörk til ákvörðunar á greiðslu miðast við skattskyldar tekjur einstaklinga og hjóna, þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali ársins á undan. Tekjumörk fyrir einstakling eru 483.178 kr. á mánuði og 966.356 kr. á mánuði fyrir hjón og sambúðarfólk.

Undanþegnir gjaldskyldu vegna stuðning við heimilshald eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir. Umsækjandi sem er yfir framangreindum viðmiðunarmörkum greiðir samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Þeir sem telja sig vera undanþegna gjaldskyldu skv. þessari grein þurfa að skila inn upplýsingum um allar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur og skal eftirfarandi fylgja umsókn:

- d) Nýjasta skattframtal umsækjanda.
- e) Staðgreiðslufirlit yfirstandandi árs.

Umsókn skal hafnað sé einstaklingur eða hjón yfir fyrrnefndum tekjumörkum og njóta ekki annars stuðnings, sbr. 28. gr. reglna þessara.

12. gr.

Tími og umfang stuðnings

Almennt er stuðningsþjónusta veitt á dagvinnutíma á virkum dögum. Heimilt er í einstökum tilvikum, þegar sérstaklega stendur á að veita stuðning milli kl. sjö og átta á morgnanna. Um kvöld og helgar er veittur stuðningur við athafnir dagslegs lífs og félagslegur stuðningur í samræmi við þarfir notandans. Næturþjónusta er veitt í afmörkuðum tilfellum í samvinnu við heimahjúkrun.

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur í samræmi við einstaklingsbundnar þarfir. Ákvörðun um stuðningsþjónustu felur í sér að stuðningur sé að jafnaði veittur í tiltekinn fjölda klukkustunda í mánuði eða í viku hverri á grundvelli mats á stuðningsþörfum. Í samræmi við 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er gert ráð fyrir því almenna viðmiði að hámark veittrar aðstoðar geti numið allt að 15 klukkustundum á viku.

13. gr.
Endurmat

Þegar færni notanda til að sinna athöfnum daglegs lífs eða félags- og fjölskylduaðstæður breytast skal endurmeta stuðningsþörf. Eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti skal árangur metinn, gerðar viðeigandi breytingar eða stuðningi lokið. Mat á árangri stuðnings skal skráð við endurnýjun stuðningsáætlunar þar sem jafnframt skal koma fram hvort stuðningur hafi skilað þeim markmiðum sem sett voru í upphafi. Þegar stuðningi lýkur skal árangur þjónustunnar skráður sérstaklega.

14. gr.
Breyttar aðstæður

Notanda, aðstandendum hans, lögráðamanni eða persónulegum talsmanni ber eftir atvikum að upplýsa starfsmann velferðarsviðs Akureyrarbæjar um breytingar á högum sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þjónustubörf. Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlun.

V. kafli.
Ýmis ákvæði

15. gr.
Kostnaður

Þegar stuðningur er veittur í tengslum við félagslega þátttöku ber viðkomandi einstaklingi að greiða fyrir sjálfan sig þann kostnað sem þar fellur til. Velferðarsvið Akureyrarbæjar endurgreiðir starfsmanni útlagðan kostnað hans þegar stuðningur er veittur, s.s. í tengslum við leikhús- og kaffihúsaferðir. Útlagður kostnaður skal tengdur þeim markmiðum sem sett eru hverju sinni og í samræmi við vilja notandans eða eftir atvikum lögráðamanns hans.

16. gr.
Ferðir

Meginreglan er sú að almenningssamgöngur séu notaðar þegar félagslegur stuðningur er veittur utan heimilis.

17. gr.
Lyklar notenda

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill geymdur á starfsstöð stuðningsþjónustu. Kveðið skal á um það í stuðningsáætlun og haldin skal skrá yfir notkun lykilsins. Það sama gildir um raflása.

18. gr.
Vinnuaðstæður

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og góður aðbúnaður tryggður.

Starfsmaður skal hafa aðgang að góðum nauðsynlegum búnaði svo hann geti sinnt starfi sínu sem skyldi. Ætlast er til að gagnkvæm virðing sé sýnd á meðan þjónustan fer fram. Vinna starfsmanna í heimaþjónustu fer fram á einkaheimilum og þarf umsækjandi eða umbjóðandi hans að fallast á að aðstæður séu þannig að áður nefndum atriðum sé fullnægt. Skapist þær aðstæður inni á heimilinu að öryggi notanda eða starfsfólks sé ógnað, t.d. vegna skorts á nauðsynlegum hjálpartækjum, vegna óreglu, áreitni eða ógnandi hegðunar, þarf tafarlaust að gera viðeigandi ráðstafanir. Heimilt er að fella niður þjónustuna þar til viðeigandi lausn finnst. Starfsmönnum er óheimilt að reykja inni á heimilum notanda og notendur gangast inn á að reykja ekki meðan starfsmenn eru inni á heimilinu. Ef gæludýr eru á heimilinu er ætlast til þess að þau séu ekki laus og/eða ekki á þeim svæðum þar sem þjónustan er veitt á meðan á henni stendur.

VI. kafli.
Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

19. gr.
Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

20. gr.
Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn berst eða innan tveggja vikna. Sama á við ef velferðarsvið Akureyrarbæjar berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti. Starfsmenn velferðarsviðs skulu taka ákvörðun í máli án óhóflegra tafa og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin. Þegar fyrirsjáanlegt er að afgreiðsla máls muni tefjast ber að skýra aðila máls frá því. Skal þá upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

21. gr.
Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við aðstandendur hans, lögráðamann eða persónulegan talsmann eftir því sem við á.

22. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðningsþjónustu má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi stuðningsþjónustu fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

23. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskylda helst eftir að starfsmaður lætur af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um opinber skjalasöfn nr.77/2014.

24. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður veita umsækjanda upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsfólk einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

25. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu er lögð fram á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda veldur það synjun umsóknar eða getur leitt til afturköllunar ákvörðunar.

26.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Akureyrarbæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

27. gr.
Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöður umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi ákvæða reglna þessara og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun ef ákvörðuninni fylgdi ekki rökstuðningur.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarráðs og eftir atvikum Úrskurðarnefndar velferðarmála að fengnum rökstuðningi.

28. gr.
Höfnun umsóknar

Hafna skal umsókn ef eitthvað af eftirtöldum atriðum á við:

- a) Umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði 4. gr. reglna þessara.
- b) Umsækjandi um stuðning við heimilishald er yfir tekjumörkum skv. 11. gr. reglna þessara og nýtur ekki annars stuðnings frá velferðarsviði Akureyrarbæjar eða öðrum stofnunum.

Skal umsækjanda þá tilkynnt að umsókninni hafi verið hafnað á grundvelli þessarar greinar enda uppfylli umsækjandi ekki skilyrði fyrir stuðning. Komi til þess að umsókn sé hafnað þá ber starfsmönnum velferðarsviðs að veita umsækjanda viðeigandi ráðgjöf, sé þess óskað.

29. gr.
Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

30. gr.
Endurupptaka máls

Umsækjandi getur óskað þess að mál sé tekið til meðferðar á ný ef afgreiðsla velferðarráðs á umsókn hans hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að hún var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina til bæjarráðs innan þriggja mánaða frá birtingu ákvörðunar. Meti bæjarráð að lagaleg skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi, er erindi um endurupptöku vísað til velferðarráðs til málsmeðferðar.

Efnisatriði máls skulu ekki lögð fyrir bæjaráð.

31. gr.
Gildistaka

Reglur þessar tóku gildi þann 1. janúar 2023 og voru endurskoðaðar í apríl 2023. Endurskoðaðar reglur voru samþykktar í velferðarráði þann 26. apríl og í bæjarstjórn þann 2. maí 2023.

Bráðabirgðaákvæði I

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 12 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðning.

Fylgiskjal með reglum þessum er eftirfarandi:

Nr. 1. Forgangsröðun samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu

Fylgiskjal 1

Forgangsröðun samkvæmt reglum sveitarfélags um stuðningsþjónustu

Við mat á forgangi er byggt á eftirfarandi matsviðmiðum og litið til eftirfarandi atriða þegar metið er hversu brýn þörf er fyrir stuðning:

- Færni, getu og heilsufar
- Félagslegra aðstæðna og félagslegs tengslanets
- Samfélagsþátttöku og virkni
- Hvaða afleiðingar töf á veitingu á stuðningi hefur fyrir umsækjanda
- Annars stuðnings sem viðkomandi nýtur

Skilgreiningar á þjónustubáttum:

Stuðningur við athafnir daglegs lífs felst m.a. í að sinna persónulegu hreinlæti, klæðast/hátta og veita stuðning við næringu og lyfjainntöku. Auk þess er um að ræða stuðning við að útvega hjálpartæki, nýta velferðartækni o.fl.

Stuðningur við heimilishald felst í stuðningi við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda, þ.m.t. þrif, þvottar og búðarferðir.

Félagslegur stuðningur miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku svo sem í félags- og tómstundastarfi sem og að styðja við nám o.fl. Slíkur stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar bera ábyrgð á að veita stuðning.

Flokkur 1

Þjónusta hefst strax og hefur forgang. Má ekki falla niður.

Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að veita þarf stuðning tafarlaust, ýmist vegna langvarandi stuðningsþarfa eða þegar einstaklingi er hætta búin, alvarleg áföll verða eða veikindi koma upp.

Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum

Forsendur:

Þau sem þurfa daglega aðstoð og eftirlit við athafnir daglegs lífs, heimilishald og félagslegan stuðning.
Þau sem þurfa aðstoð og eftirlit með inntöku lyfja.

Flokkur 2

Mikilvæg þjónusta, ef þjónusta fellur niður þarf að bæta viðkomandi það upp sem allra fyrst. Aðstæður einstaklings eru með þeim hætti að töf á veitingu stuðnings hefur miklar afleiðingar í för með sér eða grípa þarf inn í aðstæður sem fyrst í forvarnarskyni. Viðeigandi stuðningur er til staðar og mikilvægt er að viðhalda honum. Einnig getur markmið þjónustunnar verið að létta álagi af aðstandendum

Forsendur:

Þau sem þurfa á reglulegri þjónustu að halda og þurfa félagslegan stuðning.
Þau sem þurfa eftirlit, aðstoð og mikla hvatningu við athafnir daglegs lífs eða heimilishald.

Flokkur 3

Bið getur orðið á að þjónusta hefjist og töf á veitingu þjónustu hefur óverulegar afleiðingar. Einstaklingur þarf stuðning við heimilishald og/eða er í þörf fyrir félagslegan stuðning. Markmiðið er að styðja og eða þjálfa notanda til sjálfhjálpar og félagslegrar þátttöku. Horft er til þess að nýta velferðartækni sem mest.

Forsendur:

Þau sem þurfa aðstoð, hvatningu/þjálfun og félagslegan stuðning.
Þau sem þurfa aðeins aðstoð við heimilishald.